



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Er hægt að bæta meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins? Um viðhorf fagaðila innan réttarkerfisins

Hildur Fjóla Antonsdóttir
Rannsakandi hjá EDDU - öndvegissetri

Markmið og þátttakendur

- Markmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins og hvort, og þá hvernig, breytinga sé þörf.
- Tekin voru viðtöl við 26 fagaðila:
 - Sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og félagsmála: 6
 - Rannsóknarlögreglumenn: 6
 - Réttargæslumenn og verjendur: 5
 - Saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar: 4
 - Dómarar: 5
- Konur: 17 og Karlar: 9 (allir sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og félagsmála voru konur)
- Reykjavík: 18 (þar af 8 sem þjónusta einnig landsbyggðina) og Landsbyggð: 8

Eigindleg aðferðafræði

Hálfopnar spurningar sem tóku til eftirfarandi þátta:

- Reynsla af því að starfa við brotaflokkinn
- Einkenni nauðgunarmála í samanburði við aðra brotaflokkka
- Gæði og framkvæmd rannsókna, saksóknar, varnar og réttargæslu
- Sönnunarstaða
- Dómaframkvæmd og dómapróun
- Löggjöf
- Þjálfun og sérþekking ólíkra faghópa
- Opinber umræða
- Hvort og hvernig megi standa betur að meðferð málanna

Bakgrunnur

- Rannsóknarverkefnið er unnið í samstarfi við innanríkisráðuneytið í kjölfar samráðsfunda um meðferð nauðgunarmála í ráðuneytinu á árunum 2010 og 2011.
- Rannsóknin er hluti rannsóknarverkefnis um meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins. Fyrri hluti: **i)** Hvað einkennir nauðgunarmál sem bárust lögregluembættunum á landsvísu árið 2008 og 2009; **ii)** hvaða þættir hafa áhrif á framgang málanna innan réttarkerfisins.

(Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013)

- Sérfræðingar á sviði lögfræði, afbrotafræði, og félagsvísinda voru rannsakendum innan handar.
- Verkefnið er styrkt af Norræna sakfræðiráðinu, Mannréttindasjóði innanríkisráðuneytisins og innanríkisráðherra, og Jafnréttissjóði forsætisráðuneytisins.

Réttarkerfið hefur breyst til batnaðar

- Breytt viðhorf: kynslóðaskipti, aukin þekking, nauðgunarmál (kynferðisbrotamál) eru nú tekin mun alvarlegar en áður
- Betri rannsóknir: skjótari viðbrögð hjá lögreglu, handtökur, nákvæmari og betri skýrslutökur
- Betri sálfræðivottorð og aukin þekking á afleiðingum kynferðisofbeldis
- Dómar eru betur rökstuddir

Dæmi um hvar má gera betur:

Menntun og þjálfun lögreglu

- „... það eru samskiptin við fólkið sem við þurfum að læra meira, markvissara, en það hefur ekkert verið í boði þannig að það hefur verið þessi klassíska lögreglunámskeið þar sem er bara almennt lært um rannsóknir og það er alveg að einhverju leiti yfirheyrslutækni, en þó að litlu leyti, þetta er skötulíki. Þannig að þetta snýr bara að þá þessum einstaka lögreglumanni, hvað gerir hann sjálfur, hvað skilur hann af því sem hann er að gera og hvernig vinnur hann með það.” (Rannsóknarlögreglumaður)
- „Eftir að ég varð rannsóknarlögreglumaður þá fór ég á námskeið fyrir rannsóknarlögreglumenn sem er í einhverjar vikur og þar voru einhverjir dagar þar sem að kynferðisbrotin voru kynnt. Þar var farið yfir rannsóknir í þessum málaflokki svona eins og hægt var að gera á nokkrum dögum. Þannig að það er eitthvað sem mér finnst vanta mjög mikið, það er tækifæri til menntunar á þessu sviði. Það eru fullt af námskeiðum í boði erlendis, eingöngu erlendis. Ég hef beðið um að fara á hin ýmsu námskeið, en það er bara ekkert í boði út af fjárskorti.” (Rannsóknarlögreglumaður)

“kastað í djúpu laugina”

- „... það fyrsta sem sló mig er að maður fær engan undirbúning, og þetta er svolítið einkennandi fyrir lögregluna, þetta er kallað að manni sé bara kastað í djúpu laugina. Og maður heyrir lögreglumenn tala ítrekað um þetta, alveg sama í hvaða deild þeir eru, þú færð engan undirbúning, sem væri kannski alveg hægt að horfa framhjá ef maður fengi þá allavega undirbúning í lögregluskólanum, náminu eða eitthvað slíkt en það er ekkert slíkt heldur [...] þú þarft bara algjörlega að bjarga þér sjálfur og þar gerast mistökin, þar fara hlutirnir úrskeiðis.”
(Rannsóknarlögreglumaður)

Misjöfn gæði lögreglurannsókna

- „ég hef alveg séð með þessi mál sem ég er að lesa menn eru bara misjafnlega góðir yfirheyrendur, það er bara þannig, en svona þessi nálgun finnst mér verða alltaf verða betri og betri.“ (Saksóknari)
- “Það er allur gangur á því sko. Yfirleitt er þetta nú svona að mestu leyti í lagi. Það er ansi oft sem maður samt biður um samt einhverja smá viðbót.” (Saksóknari)
- “Við höfum verið stundum að velta því fyrir okkur hvort að sé munur á kynferðisbrotadeildinni eða lögregluembættum úti á landi sem eru líka að rannsaka málin og það er nú svona okkar mat að það er í raun og veru svona svipað, svipaður standard á þessu ... yfirheyrslutæknin er mjög góð hjá kynferðisbrotadeildinni á höfuðborgarsvæðinu ... en samt ekki sko, þetta er svo misjafnt. Misjafnt eftir mönnum líka bara.” (Saksóknari)

Erfið sönnunarstaða

- “við þurfum að sanna málin, sanna brotin, þau eru bara drulluerfið í sönnun, svo ég bara segi það bara svona. Og í langflestum tilvikum að þá upplifi ég það að brotapolarnir séu trúverðugir [...], það er kannski svona eitt og eitt mál þar sem manni finnst að brotapolí sé ekki trúverðugur [...] það er kannski það sem að við þurfum að koma betur til skila, það er ekki út af því að brotapolí sé ótrúverðugur, það er bara að það vantar sönnunargögn.” (Saksóknari).